

Sb. 613. Frumvarp til fjáráukalaga [227. mál]
fyrir árið 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1968 er veitt:

	Dts. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	730
01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið	33 712
02 Utanríkisráðuneytið	15 983
03 Atvinnumálaráðuneytið	358 514
04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	73 571
05 Félagsmálaráðuneytið	86 317
06 Fjármálaráðuneytið	73 758
07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið	138 059
09 Hagstofa Íslands	305
10 Ríkisendurskoðun	1 091
	<hr/>
	Samtals 782 040

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáráukalögum fyrir árið 1968. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1968 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1968.

Til viðbótarskýringar á þeirri fjárhæð gjalda, sem óskað er heimilda fyrir með frumvarpi þessu, skal tekið fram, að af þessari fjárhæð eru 441 millj. kr. ekki eiginleg útgjöld umfram fjárlög. Visast í því efni til ríkisreiknings 1968, bls. 154—157.

Þar er að finna sundurliðaðar skýringar á umræddum 441 millj. kr., sem stafa af lækkun heimilda eða auknum útgjöldum samkvæmt sérstökum lögum, aukningu útgjalda vegna þess að markaðar tekjur hafa orðið hærri en ráðgert var og loks gjaldfærslu á framkvæmdum, sem fjármagnaðar hafa verið með lánsfé utan fjárlaga, aðallega samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1968.